

**Ed.**

**133. Breytingartillögur**

[26. mál]

við frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK, MHM, RA).

Við 1. gr.

a) 2. mgr. orðist svo:

Sá hluti sérstaks persónuafsláttar skv. 1. mgr. og persónuafsláttur skv. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem ekki nýtist til lækkunar á gjöldum skv. 2. mgr. 68. gr. sömu laga, skal greiddur skattaðila í desembermánuði ár hvert. Ekki skal þó greiða persónuafslátt mönnum, sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né mönnum með samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 sem nema meira en 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr. sömu laga.

b) 3. mgr. orðist svo:

Enn fremur skal, auk barnabóta skv. 69. gr. sömu laga, greiða á gjaldárinu 1983 sérstakar barnabætur fyrir þau börn, er um ræðir í þeirri grein, er nemi 3000 kr. fyrir hvert barn. Um ráðstöfun þessa barnabótaauka fer eftir ákvæðum 69. gr.